

Hörgársveit
Skipulagsfulltrúi*
Þelamerkurskóli
604 Akureyri

Garðabær, 17. júlí 2025
202506-0143/H.Á.
08.01

Efni: Umsögn - Aðalskipulag - Tillaga - Blöndulína 3 - breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveit er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 – 2024, vegna Blöndulína 3.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri en nánari lýsing á staðsetningu línuleiðar innan Hörgársveitar samkvæmt aðalvalkosti Landsnets (C2) er að finna í vinnslutillögu.

Náttúruverndarstofnun vísar í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar (forvera Náttúruverndarstofnunar) dagsett 26. júlí 2024 um lýsingu á breytingu á umræddu skipulagi en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri til viðbótar.

Friðaðar plöntur

Í greinargerð kemur fram að leið C2 um Öxnadal sem er aðalvalkostur, fari um gróðurlendi þar sem tvær tegundir plantna eru skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar. Það eru hreistursteinbrjótur og maríulykill og er verndargildi metið miðlungs eða mikið. Náttúruverndarstofnun bendir á að hreistursteinbrjótur og maríulykill eru friðaðar plöntur samkvæmt auglýsingu [nr. 1385/2021](#) um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Í 7. gr. segir: „Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Við ákvörðunartöku skal leggja áherslu á mikilvægi framkvæmdarstaðarins með tilliti til útbreiðslu og verndarstöðu þeirra friðuðu tegunda sem þar er að finna og hvort fullnægjandi vernd náist með því að vernda eða byggja upp aðra staði þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna. Framkvæmdaraðili skal taka sanngjarnan þátt í kostnaði við slíkar aðgerðir. Stjórnvöldum er heimilt að binda leyfi skilyrðum sem miða að því að koma í veg fyrir eða draga úr röskun friðaðra tegunda.“

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að vaxtastöðum hreistursteinbrjóts og maríulykils verði ekki raskað. Setja þarf fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að tryggja verndun þessara plantna í samræmi við skilmála í auglýsingu nr. 1385/2021.

Tillaga að friðlýsingu svæðis

Til skoðunar kom árið 2014 að friðlýsa hluta jarðarinnar Hóla í Öxnadal sem friðland og var [tillaga](#) þess efnis auglýst til kynningar í febrúar 2014. Náttúruverndarstofnun mat verndargildi þess svæðis á þeim tíma felast í tilkomumiklu berghlaupi, allnokkru votlendi og merkra fornra megineldstöðva frá tertíer með öskju.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að tekið verið tilliti til þessara náttúruminja og þær verndaðar eins og kostur er þar sem Blöndulína 3 liggur um landsvæði Hóla.

Virðingarfyllt,

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

teymisstjóri